almannaheill
samtök þriðja geirans

Fundur í stjórn Almannaheilla, samtaka þriðja geirans, 5. júní 2020, kl. 12.00. Fundurinnn fór fram á Internetinu í gengum Zoom-fundaforritið.

Mætt voru: Ásdís Eva Hannesdóttir, Guðlaug B. Guðjónsdóttir, Hildur Helga Gísladóttir, Hrannar B. Arnarson, Ómar H. Kristmundsson, og Jónas Guðmundsson, sem ritaði fundargerð.

Af tæknilegum ástæðum gátu Árni Einarsson og Hrefna Sigurjónsdóttir ekki tengst fundinum.

Þetta var rætt:

1. **Ársreikningur Almannaheilla 2019**
   Fyrir fundinum lá ársreikningur Almannaheilla fyrir starfsárið 2019. Gjaldkeri skýrði reikninginn. Ekki lá fyrir álit skoðunarmanna, en gerð verður grein fyrir því á aðalfundi. Stjórnin samþykkti að leggja reikninginn þannig gerðan fyrir aðalfund til samþykktar.

2. **Rekstraráætlun fyrir 2020**
   Gjaldkeri gerði grein fyrir tillögu um rekstraráætlun samtakanna á árinu 2020. Tillagan var samþykkt og verður þannig lögð fyrir aðalfund.

3. **Nýjar aðildarumsóknir samþykktar**
   Verkefnahópur um kynningarmál og aðildarumsóknir lagði til að þrjár umsóknir um aðild að samtökunum yrðu samþykktar: frá SOS-barnaþorpum; frá Krafti, stuðningsfélagi fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur; frá Álfinum: áhugafélagi um listir og fræðslu ungmenna í Reykjavík. Samþykkt var að leggja umsóknirnar fyrir aðalfund til staðfestingar.

4. **Lýðræðishátíðin, fundir fólksins**
   Gerð var grein fyrir viðræðum við fulltrúa Mannréttinda- og lýðærðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Aðilar sammæltust um að vinna að gerð samkomulags um stuðning Reykjavíkurborgar við Lýðræðishátíðina, fundi fólksins, sem lagt yrði fyrir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð borgarinnar 11. júní.

5. **Erindi til forsætisráðherra**
   Rætt var um erindi sem Almannaheill hafa sent forsætisráðherra í tilefni af veirufaraldrinum. Minnt var í erindinu á að rík ástæða væri til að styrkja stöðu almannaheillasamtaka til að vinna úr afleiðingum faraldursins; faraldurinn hefur aukið eftirspurn eftir þjónustu almannaheillasamtaka, en einnig valdið samtökunum fjárhagslegu tjóni. Sérstaklega var minnt á nauðsyn þess að styrkja lagalega og skattalega stöðu almannaheillasamtaka. Óskað hefur verið eftir fundi með forsætisráðherra um málið.

6. **Frumvarp um farsæld barna**
   Hrannar vakti athygli á frumvarpi félagsráðherra sem lagt hefur verið fram í samráðsgátt stjórnvalda um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er ætlað að stuðla að samvinnu aðila. Þar er fjallað um samþættingu þjónustu margra þjónustukerfa sem starfa með stoð í lögum og veita þjónustu sem skiptir máli fyrir farsæld barns, þ.m.t. menntun, heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta og löggæsla.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12.35.